SAMTÖK FRUMKVÖÐLA OG HUGVITSMANNA
kt. 510196-2879 s. 862 2345 info@nyhugmynd.com www.nyhugmynd.com

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2534
komudagur 25.5.2010

Til nefndasviðs Alþingis

Varðandi þingsskjal 965; 574. mál:
**Frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi**

**Umsögn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna**

Stjórn Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna fagnar frumvarpinu í heild og telur það vera í góðu samræmi við þá stefnu SFH að örva nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í landinu. Stjórnin telur nauðsynlegt að almenn regla og jafnræði gildi um ívilnanir og aðra opinbera aðstoð við nýsköpun, og telur þessi lög vera góða byrjun á slíkum réttarbótum.

Stjórn SFH þakkar fyrir að fá tækifæri til umsagnar um lög sem snerta starfssvið samtakanna og væntir þess að sá háttur verði til frambúðar. Af gefnu tilefni vill stjórnin taka fram að Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna eru, ásamt systursamtökum sínum; KVENN, einu almennu heildarsamtök frumkvöðla og hugvitsmanna á landinu, og tóku við því hlutverki af Landssamtökum hugvitsmanna sem nú hafa verið lögð niður.

Virðingarfyllst

20. maí 2010

f.h. stjórnar Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna

Valdimar Össurarson, ritari stjórnar SFH